

## GJALDSKRÁ fyrir sorphirðu í Mosfellsbæ.

### 1. gr.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar er heimilt að leggja á sorphirðugjald til að standa undir kostnaði bæjarins af sorphirðu og sorpeyðingu.

### 2. gr.

Sorphirðugjald skal lagt á allar íbúðir sem virtar eru fasteignamati. Einnig skal sorphirðugjald lagt á aukaíbúðir í húsum sem virtar eru fasteignamati sem óskiptar eignir. Sorphirðugjaldi er ætlað að standa undir kostnaði við sorphirðu sorpeyðingu og urðun sorps. Gjalddagar sorphirðugjalds eru hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

### 3. gr.

Sorphirðugjald vegna íbúðarhúsnæðis kr. 28.000 er innheimt árlega með fasteignagjöldum, af íbúðum í bænum. Innifalið í því gjaldi er eitt grátt sorpilát fyrir óflokkað sorp auk blárrar endurvinnslutunnu fyrir pappír sem og sorpreinsun og sorpeyðing vegna þess.

Fyrir hvert aukasorpilát heimila er á sama hátt innheimt árlega, og fyrirfram, gjald eftir því sem hér segir:

- |                           |            |
|---------------------------|------------|
| 1. fyrir 240 l gráa tunnu | kr. 28.000 |
| 2. fyrir 240 l bláa tunnu | kr. 28.000 |
| 3. fyrir 660 l gám        | kr. 71.900 |

Heimili sem óska eftir aukasorpiláti skulu beina ósk þar að lútandi til þjónustuvers Mosfellsbæjar.

### 4. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af bæjarstjórn Mosfellsbæjar með vísan til 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998 með síðari breytingum. Jafnframt fellur brott gjaldskrá sama efnis nr. 1225/2016.

*Mosfellsbæ, 12. desember 2017.*

**Jóhanna B. Hansen**, framkvæmdastjóri umhverfissviðs.